

Útikennsla í Apríl

Skynfærin:

-Vinna með skynfærin, finna efnivið í umhverfinu með mismunandi áferð, finna mismunandi lykt og lýsa því sem maður finnur og sér.

- Taka með nokkra taupoka og setja í þá t.d. barr, köngla, sand, gras, möl o.s.frv og börnin fá síðan að fara með hendurnar ofaní og nota snertiskynið til að finna út hvað sé í pokanum. Einnig má setja nefið ofan í pokann og finna lykt.

-Allir eiga að finna eitthvað með mismunandi áferðum og koma með á dúkinn-hart, mjúkt, hrjúft, slétt o.s.frv. Fá börnin til a nota snerti og lyktarskyn.

Leitin að dýrunum. Feluleikur- börnin ganga um skóginn og leita að dýramyndum sem hafa verið faldar í skóginum. Börnin fá vísbendingar t.d að fuglinn býr í trénu og að köngurlóin/kanínan séu á jörðinni, fá börnin til að veita umhverfinu athygli og nota sjónskynið.

Skordýrin:



Leitum að skordýrum í skóginum, umræður um skordýr og hvar við gætum fundið þau.

-Búa til köngulóarvef í skóginum með garni – börnin vefja garni á milli trjána. Allir fá einn hnikill og búa til sinn vef.

Hugarfrelsi í skóginum-Æfa hlustun og öndun

-Leggjast, horfa upp í himininn/skoða skýin/hlusta á umhverfishljóðin.

-Hlusta á rólega tónlist og sögur um Sigga og Sigrúnu.

Nestistími: Allir fá eitthvað skógarsnarl og skógardrykk.

Áhöld: Taupokar, band, dúkur, Hugarfrelsis sögur.

Í öllum skógarferðunum heimsækjum við tréð okkar.

